



Eyjafjarðarsveit

Ása Dóra Finnbogadóttir

Skólatröð 9

601 AKUREYRI

Garðabær, 3.3.2025

Málsnúmer: 202502-0041/0042

IAS

Efni: Bakkaflöt athafnasvæði. Deiliskipulag og breytinga á aðalskipulagi.

Vísað er í tvö erindi frá Eyjafjarðarsveit, dagsett 17. febrúar 2025, þar sem óskað er umsagna Náttúrufræðistofnunar um nýtt deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi vegna athafnasvæðis á Bakkaflöt í Eyjafjarðarsveit.

Skilgreint er athafnasvæðið AT10 á Bakkaflöt skammt sunnan Hrafnagilshverfis. Skipulagssvæðið nær frá bökkum Eyjafjarðará og að nýrri Eyjafjarðarbraut vestri. Stærð svæðisins verður um 6,8 ha. Þá er bætt við efnistökusvæðinu E14B í Eyjafjarðará, við athafnasvæðið.

Náttúrufræðistofnun skilaði umsögn um skipulagslýsingu þann 18. desember 2023 og ítrekar hér þær athugasemdir sem þá voru gerðar.

Um er að ræða umfangsmikil áform sem fela í sér margvíslega starfsemi á svæði sem í dag er ekki ósnortið en er hins vegar við bakka Eyjafjarðará og því viðkvæmt svæði í ýmsum skilningi. Töluvert álag er á Eyjafjarðará og lífríki hennar og má þar nefna áhrif vegna nýlegra vegaframkvæmda við Hrafnagilshverfið, efnistöku úr áreyrum, nábyli við bílaumferð og ýmsa starfsemi. Breytingar hafa orðið á árfarvegi hennar og töluvert rask á votlendi í næsta nágrenni hennar. Allt hefur þetta áhrif á lífríki og huga þarf vandlega að ákvarðanatöku sem eykur hættu á frekara álagi.

Þau áform sem eru til skoðunar fyrir Bakkaflöt fela m.a. í sér efnistöku, efnislosun og geymslu á vélum og farartækjum sem allt getur falið í sér hættu á að mengun berist í ána. Fylgja þarf gaumgæfilega skilmálum laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og tryggja að ástand vatnshlots Eyjafjarðará rýrni ekki. Mengunarvarnir þurfa því að vera öflugar og forðast ætti með öllu að flytja mjög mengandi efni inn á svæðið. Þá ætti að forðast með öllu að raska frekar bökkum Eyjafjarðará og t.d. þarf að skipuleggja efnistökusvæði með tilliti til þess.

Skipulagssvæðið sjálft er nokkuð raskað og t.d. virðist lítið eftir af náttúrulegu votlendi. Svæðið getur engu að síður verið búsvæði fyrir fugla og annað lífríki. Æskilegt væri að gera úttekt á fuglalífi svæðisins til að hægt sé að leggja mat á hver umhverfisáhrif skipulagstillögunnar verða. Aukin starfsemi á svæðinu getur í senn raskað búsvæðum fugla en einnig valdið margvíslegri truflun, einnig fyrir fugla sem nýta ána og bakka hennar sem búsvæði. Þá þarf að leggja mat á hver áhrif á lífríki Eyjafjarðará geta orðið, sér í lagi á laxfiska. Einnig þarf að tryggja að með haugsetningu og annarri starfsemi aukist ekki hættu á að framandi ágengar plöntutegundir s.s. alaskalúpína og skógarkerfill dreifist frekar um svæðið og nágrenni þess.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur